

Ed.

28. Frumvarp til laga

[25. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Við 71. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Nú hefur sakarefni í skaðabótamáli út af slysi verið skipt og eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna, og getur þá dómari, ef sækjandi krefst þess, tiltekið í dómnum hæfilega fjárhæð, er verjandi greiði honum upp í endanlega skaðabótafjárhæð. Þessari ákvörðun má breyta í Hæstarétti, ef dómnum er áfrýjað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þingsályktun um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa var samþykkt á Alþingi hinn 8. febrúar 1972, og var hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún geri, með undirbúningi lagasetningar ef með þarf, ráðstafanir til þess, að skaðabótamál vegna slysa fái hraðari afgreiðslu en verið hefur almennt.

Sé þá hafður í huga sá möguleiki, að þegar dæmt er um skaðabótaskylduna sérstaklega, án þess að dæmt sé jafnframt um bótafjárhæðir, verði settar reglur um greiðsluskyldu hinna bótaskyldu og váttryggjenda þeirra á ákveðnum fjárhæðum upp í endanlegar skaðabótageiðslur, sem síðar yrðu ákveðnar með dómi.“

Dómsmálaráðuneytið leitaði á árinu 1972, í tilefni af þingsályktun þessari, greinargerðar um efni hennar frá einum prófessora lagadeildar Háskólans, Sigurði Línadal, sem áður hefur verið starfandi dómari. Í greinargerð hans, sem er almenns eðlis, kemur fram, að hann telur vafasamt, að efni séu til þess að taka skaðabótamál vegna slysa út úr til sérstakrar meðferðar og vísar jafnframt í bréf lagadeildar Háskólans til allsherjarnefndar Sameinaðs Alþingis frá 15. febrúar 1972 um það efni. Í apríl 1973 var Magnúsi Thoroddsen, borgardómara, falið að gera frekari könnun á meðferð þessara mála og gefa bendingar um úrræði, sem verða mættu til úrbóta. Gerði hann könnun á meðferð skaðabótamála vegna slysa, sem dæmd höfðu verið á bæjarþingi Reykjavíkur og í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur á 5 ára tímabili, 1968—1972. Í greinargerð hans, sem skilað var vorið 1973, telur hann, að hvorki leiði sú könnun eða önnur viðhorf til þess, að rétt verði talið að ætla þessum málaflokkum aðra réttarfarslega meðferð en öðrum, enda mundi og mjög hæpið, að slík meðferð mundi leiða til hraðari eða betri afgreiðslu á þeim málum. — Framangreind skjöl voru á fyrri hluta síðastliðins vetrar send réttarfarsnefnd til athugunar. Nefndin tók mjög eindregið undir það álit, að vara bæri við því að ætla, að bæta mætti meðferð þessara mála og auka afgreiðslu-hraða með því að taka upp einhverja sérmeðferð á þeim. Sérstaklega var tekið undir aðvörun gegn því að huga að stofnun sérdómstóla til meðferðar á slíkum málaflokkum, enda mundi það síður en svo til þess fallið að bæta meðferð mála. — Nefndin taldi, að til bóta gæti verið að lögfesta heimildir til að úrskurða greiðslu til bráðabirgða upp í skaðabótakröfu, er notuð hefði verið heimild réttarfarslega til að skipta sakarefni, þannig að í fyrri áfanga er eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna, en ákvörðun bótafjárhæðar látin bíða síðari meðferðar. — Ábending um slíka lagaheimild var gefin í greinargerð Magnúsar Thoroddsen, en hann tók jafnframt fram, að slík skipting sakarefnis væri fremur fátíð, þannig að ekki mætti ætla, að þessar heimildir kæmu oft að notum, en þær mættu þó gagnast við sérstakar aðstæður.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til, að framangreindar tillögur verði lögfestar. Er þá nauðsynlegt að breyta jafnframt 95. grein laga nr. 20 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga til samræmis við þessar breytingar. Er ráðgert að í sérstöku lagafrumvarpi verði gerð tillaga um það efni.